

Minnisblað

2007451 – Skógræktarfélag Hafnarfjarðar, verkstæðishús, erindi

Til: Bæjarráðs

Frá: Sigríði Kristinsdóttur, bæjarlögmanni og sviðsstjóra stjórnslusviðs

7. ágúst 2020

I

Á fundi bæjarráðs þann 16. júlí sl. var lagt fram erindi frá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar, dags. 9. júlí 2020, þar sem óskað er eftir niðurfellingu á gatnagerðargjaldi, byggingarleyfisgjaldi og gjöldum byggingarfulltrúa vegna verkstæðishús.

II.

Um gatnagerðargjöld gilda lög nr. 153/2006 og samþykkt um gatnagerðargjald í Hafnarfjarðarkaupstað nr. 242/2016. Um byggingarleyfisgjald og gjöld byggingarfulltrúa gilda lög um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslög nr. 123/2010 auk gjaldskrár fyrir leyfisveitingar og þjónustu byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa í Hafnarfjarðarkaupstað nr. 1349/2019.

Markmið laga um gatnagerðargjald er að lögbinda gjaldstofn fyrir sveitarfélög til töku sérstaks skatts, gatnagerðargjalds, af fasteignum, sbr. 1. gr. laganna. Gjaldskyldur er lóðarhafi eða byggingarleyfishafi. Í 3. gr. laganna er kveðið á um skyldu sveitarfélaga um álagningu og innheimtu gatnagerðargjalds.

Markmið laga um mannvirki er að tryggja að mannvirki séu örugg og ógni hvorki lífi og heilsu manna né eignum og umhverfi. Jafnframt er markmið þeirra að stuðla að vernd umhverfis með því að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við hönnun og gerð mannvirkja, að stuðla að tækilegum framförum og nýjungum í byggingariðnaði, að tryggja aðgengi fyrir alla og að stuðla að góðri orkunýtingu við rekstur byggingar. Markmið skiplagslaga er að þróun byggðar og landnotkun á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir og jafnframt að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmari nýtingu lands, landgæða o.fl.

Það er í höndum sveitarfélaga að hafa starfandi byggingarfulltrúa til að sinna útgáfu byggingarleyfa og framkvæmd byggingareftirlits.

III.

Í erindi Skógræktarfélags Hafnarfjarðar er óskað eftir niðurfellingu á gatnagerðargjaldi, byggingarleyfisgjaldi og gjöldum byggingarfulltrúa. Í umræddu erindi kveður forsvarsmaður Skógræktarfélags Hafnarfjarðar fyrirhugað verkstæðishús vera gert fyrir umsjón með græðlingum, færsofnun og flokkun auk þess að fá aðstöðu til að sinna viðhaldi og geyma tæki og tól sem vinnuhópar félagsins nota. Öll vinna við hönnun og undirbúning hefur miðað við að gera þetta eins hagkvæmt og mögulegt er, með styrkjum og velvild velunnara félagsins, því fjárhagsstaða félagsins er ekki sterk.

Óskar félagið eftir niðurfellingu fyrrgreindra gjalda á þeim grundvelli að um er að ræða félag sem sinni bæði starfi leikskóla, skóla, ungmenna jafnt sem annarra bæjarbúa á sama hátt og aðrir íprótta- og tómstundaklúbbar í bænum.

IV.

Við útgáfu byggingarleyfis var lagt á gatnagerðargjald vegna byggingarinnar, kr. 2.824.867,- byggingarleyfisgjald kr. 70.980,- auk annarra gjalda að fjárhæð kr. 394.621,- samtals heildargjöld kr. 3.290.468,-. Meginreglan er sú að gatnagerðargjöld og önnur gjöld skuli greiða 30 dögum frá útgáfu reiknings.

V.

Gatnagerðargjald er skattur sbr. 1. gr. laga um gatnagerðargjald. Í 1. gr. samþykktu um gatnagerðargjald í Hafnarfjarðarkaupstað er kveðið á um greiðsluskyldu.

Í 1. gr. Samþykkt Hafnarfjarðarkaupstaðar um gatnagerðargjöld segir: „*Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem eru á eignar- eða leigulóðum í Hafnarfirði, skal greiða gatnagerðargjald eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari.*“

Í 6. gr. laganna um gatnagerðargjald og 6. gr. samþykktu Hafnarfjarðarkaupstaðar um gatnagerðargjald eru sérstakar lækkunarheimildir. 3. mgr. 6. gr. laga um gatnagerðargjöld kveður á um að sveitarstjórn sé heimilt að mæla nánar fyrir um skilyrði framangreindra lækkunarheimilda í samþykkt sinni um gatnagerðargjald, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Í 6. gr. samþykktu Hafnarfjarðarkaupstaðar um gatnagerðargjald eru sérstakar lækkunarheimildir þar sem heimilt er að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum við sérstakar aðstæður svo sem vegna þéttingar byggðar, atvinnuuppbyggingar o.fl. Einnig er heimilt að lækka eða fella niður gjöld vegna sérhæfðs félagslegs húsnæðis, svo sem búsetukjarna, þjónustuíbúða fyrir aldraða og félagslegs leiguhúsnæðis enda sé slíkt húsnæði í eigu stofnana, félagasamtaka eða félaga sem ekki eru rekin í ágóðaskyni.

Talið verður að túlka beri ákvæði 6. gr. laga um gatnagerðargjald þröngt, þ.e.a.s. gatnagerðargjald er skattur og lækkunarheimildir eru sérstakar lækkunarheimildir sem veittar eru í undantekningartilvikum.

Samkvæmt lögum nr. 160/2010 um mannvirki er í 51. gr. ákvæði um gjaldskrá vegna byggingareftirlits byggingarfulltrúa og þar segir að sveitarstjórn heimilt að setja gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni byggingarfulltrúa sem nánar er kveðið á um í ákvæðinu.

Í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er að finna ákvæði um framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu. Þar segir að sveitarstjórn er heimilt að innheimta framkvæmdaleyfisgjald og gjald vegna skipulagsvinnu.

Á grundvelli laga um mannvirki og skipulagslaga samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar gjaldskrá fyrir leyfisveitingar og þjónustu byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarkaupastaðar nr. 1349/2019 og var hún birt í B deild stjórnartíðinda 8. janúar 2020 og öðlaðist þá þegar gildi. Ekki er að finna neina heimild til lækkunar eða niðurfellingu gjalda í fyrrgreindri gjaldskrá.

VI.

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar hefur þann tilgang að vinna að landgræðslu og gróðurvernd, fjölbreyttri trjárækt og skógrækt, bættu aðgengi að bæjarlandi Hafnarfjarðar til heilsueflingar og útivistar og að auka skilning og áhuga á þessum málum. Samkvæmt lögum félagsins aflar það fjár til starfseminnar með innheimtu félagsgjalda og fjárhagslegum stuðningi bæjaryfirvalda, einstaklinga, félaga, fyrirtækja og stofnana.

18. apríl 2011 var undirritaður samningur á milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Skógræktarfélags Hafnarfjarðar um ræktun og umsjón með skógræktar- og útivistarsvæðum í landi Hafnarfjarðar. Samningurinn gildir til 31. desember 2031.

Í deiliskipulagi sem samþykkt var í skipulags- og byggingarráði 9. apríl 2019 þá er mörkuð 31.384 m² lóð sem er aðstaða Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir aðstöðubyggingum fyrir Skógrætarfélagið. Aðaluppdráttur fyrir umrætt verkstæðishús var samþykktur 1. júlí 2020.

VII.

Lög um gatnagerðargjald kveða á um að sveitarstjórn sé heimilt að mæla fyrir um sérstakar lækkunarheimildir í samþykkti sinni um gatnagerðargjald. Í 6. gr. samþykktar sveitarfélagsins segir að heimilt er að lækka eða fella niður gatnagerðargjald vegna sérhæfðs félagslegs húsnæðis sem er í eigu stofnana, félagasamtaka eða félaga sem ekki eru rekin í ágóðaskyni.

Talið er að unnt sé að fella byggingu Skógræktarfélags Hafnarfjarðar undir lækkunarheimildir 6. gr. laga um gatnagerðargjald og samþykktar um gatnagerðargjald í Hafnarfjarðarkaupstað þar sem um er að ræða hús í eigu félagasamtaka sem ekki er rekið í ágóðaskyni.

Varðandi önnur gjöld þá verður ekki séð að heimild sé í samþykktri gjaldskrá að fella niður gjöld samkvæmt henni.